

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Auðkúluþrestakalli. 123**

Stjórnarráðið hefir veitt prestinum að Auðkúlu í Húnavatnsprófastsdæmi 26. okt. 1300 kr. embættislán til íbúðarhúsbyggingar á prestssetrinu í viðbót við áður veitt 3000 kr. embættislán í þessu skyni, með þeim skilyrðum, að þakrennur sje settar á báðum hliðum hússins, handrið á inngönguríðum, húsið almálað utan oliufarfa (þak og veggir), nærgluggar settir innan á öllum gluggum íbúðarherbergja, svo gjörðir að opna megi þá hluta þeirra, sem standast á við ytriglugga á hjörum, öll herbergi annaðhvort fóðruð eða máluð á veggjum, lofti eða súð, og loks að húsinu fylgi eldavjel og nægilegir ofnar, þrír eða fjórir, eftir því hvernig þeim er komið fyrir, og hve stórir þeir eru, og húsinu yfirleitt viðhaldið eftir þeim reglum, er síðar verða settar um viðhald prestsseturshúsa.

Húsið ber að vátryggja fyrir 6500 kr., og ber að greiða fyrningargjald af þeirri upphæð, kr. 32,50.

Ennfremur hefir stjórnarráðið ákveðið að veita sóknarprestinum 500 kr. lán til að koma upp fyrirhugaðri vatnsveitu í íbúðarhús og fjós á prestssetrinu, sem ávaxtist með 4% vöxtum p. a. og endurborgist á næstu 25 árum með 20 kr. afborgun á ári.

Sökum lítils halla verða vatnsleiðslupípurar að vera að minsta kosti 1 þumlungur á vidd frá lindinni í íbúðarhúsið, og  $\frac{3}{4}$  þuml. úri búðarhúsinu í fjósið.

Lán þetta verður ekki útborgað fyr en vatnsleiðslunni er lokið, og sannað er með vottorði skilríkra manna, að vel sje frá henni gengið og að hún komi að tilætluðum notum. Vatnsleiðslunni ber prestinum að viðhalda og skila í fullu standi eða með álagi.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið til leiðbeiningar.

**Reikningur**

124

yfir tekjur og gjöld Kirkjujarðasjóds árið 1913.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá f. á.			
a. Bankavaxtabrjef . . . . .	kr.	87100	00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	—	26224	40
c. Útistandandi í lánum . . . . .	—	272644	39
d. Í sjóði í Landsbankanum . . . . .	—	2557	79
		<hr/>	
	kr.	388526	58
2. Andvirði seldra kirkjujarða á árinu . . . . .	—	161505	00
3. Peninga eign nokkurra prestakalla . . . . .	—	7863	59
		<hr/>	
	Flyt kr.	557895	17